

ERINDISBRÉF

Starfshópur um vinnu við aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi

Ábyrgðarmaður:

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hlutverk stýrihóps:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að vinna aðgerðaráætlun gegn ofbeldi 2025 til og með 2028.

Í vinnu sinni taki starfshópurinn mið af samþykktri stefnumótun borgarinnar sem tengist efninu. Rannsóknir á ofbeldi og tölulegar upplýsingar verði einnig hafðar til hliðsjónar. Einnig verði höfð til hliðsjónar úttekt Kristínar Hjálmarsdóttur á ofbeldisvarnarmálum hjá Reykjavíkurborg sem unnin var fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð.

Helstu verkefni:

- Að gera drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi.
- Að kortleggja þau verkefni sem þegar er unnið að.
- Að hafa samráð við hagsmunahópa í vinnunni eftir því sem við á.
- Að gera tillögur um mælikvarða.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, stýrir vinnu hópsins
Fulltrúi mannauðs- og starfsumhverfissviðs
Fulltrúi velferðarsviðs
Fulltrúi skóla- og frístundasviðs
Fulltrúi menningar- og íþróttasviðs
Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs
Fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við gerð aðgerðaráætlunar leita fulltrúar starfshópsins ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum sem eru með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Drög að aðgerðaráætlun verði lögð fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fyrir lok október 2024.